



8. fundur aðalstjórnar haldinn í Hettunni 10.08.2010 kl.20:00.

Mættir: Elínborg fyrir blakdeild, Hrefna fyrir frjálsar, Soffía fyrir fótbolta, Anna fyrir fimleika, Davíð, Mekkin, Bylgja og Magnús Ásmunds fyrir körfubolta.
Fundarritari Mekkin

Heimasíða.

Ákveðið var að hver deild sjái um að setja inn fréttir, myndir ofl. Aðgangur verður sendur í pósti á alla. Samþykkt var að ársreikningar verði ekki aðgengilegir á heimasíðu en fundargerðir aðalstjórnar verði settar inn á heimasíðuna. Davíð fær aðgengi inn á síður allra deilda.

Stundartafla.

Karfan óskaði eftir því við KKÍ að fá heimaleiki á fimmtudögum kl.20:00 og vill fá að halda sömu tímauppröðun á æfingum og síðastliðinn vetur.

Blakdeild óskaði eftir óbreyttum tímum en óskuðu eftir að fá tíma í Fellabæ fyrir unglinga ásamt því að halda tímum þar fyrir karlablak.

Fimleikar óskuðu eftir því að brjóta upp annan langa daginn og að langi dagurinn yrði á mánudögum.

Fótboltadeild er ekki sátt með tíma á þriðjudögum fannst sá tími vera settur of seint og óska eftir því að fá einn tíma á sunnudögum fyrir áttunda flokk. Einnig var óskað eftir því að möguleiki væri að fara inn með yngri flokkana í Fellahúsið ef veður væri vont.

Frjálsar sátt með töflu en óska eftir því að fá sunnudagstíma yfir á virkan dag.

Ákveðið var að sendar yrðu inn óskir um tíma til Davíðs sem myndi skipa fámennan hóp til þess að raða niður tímatöflu fyrir húsið og ætti að vera búið að skila inn óskum í síðasta lagi á sunnudag.

Rætt var um að ef deildir sæu fram á að nýta ekki öll úthlutuð bil í húsinu að láta vita þannig að aðrar deildir gætu notað ónotuð bil í húsinu.

Auglýsingar

Samþykkt var að körfuboltadeild fengi að selja auglýsingar á gólfið en auglýsingar á vegg yrðu sameiginlegar fyrir allar deildir. Umræða var einnig um að fimleikadeild gæti óskað eftir umræðum með auglýsingu á gólfið.

Umræða var um hvort fyrirtæki vildu frekar styðja Hött í stað einstakra deilda

Hettan

Samþykkt var að Íþróttafélagið Höttur væri eingöngu í Hettunni og að þetta félagsheimili Hattar og skal notast þannig. Rekstur Hettunnar stendur ekki undir sér og borgar aðalstjórn Rekstrarfélaginu fyrir þrif og umhirðu. Senda bréf til bæjarins um hækkun á styrk til rekstrar Hettunnar.

Samningar

Yfirfara þarf samninga við sveitafélagið og rekstrarfélagið.

Önnur mál

Körfuboltadeild óskaði eftir fjárhagsstuðningi frá aðalstjórn og samþykkt að veita deildinni lán. Körfuboltadeildin er þegar byrjuð að leita eftir styrktaraðilum fyrir komandi tímabil. Aðalstjórn mun lána án vaxta til deilda og mun setja ramma og tímamörk vaðandi slík lán. Umræða var um að meistaradeildir tækju mikinn pening til sín og að lítið gengi til uppbyggingu á barna og unglíngastarfi.

Fundi slitið kl 22:00

Sign.